

Lilja Dögg Alfreðsdóttir,
mennta- og menningamálaráðherra,
Sölvhólgata 4,
101 Reykjavík.

Sent í tölvupósti og almennum pósti

Reykjavík, 27. apríl 2021

Efni: Fyrirspurn í kjölfar umræðu á Alþingi um málefni Samherja hf. og Ríkisútvarpsins

Til mín hefur leitað Samherji hf. og falið mér að senda yður erindi þetta. Tildrög erindisins eru svör yðar við fyrirspurn þingmanns í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær, 26. apríl 2021, er laut að málefnum umbj. míns og Ríkisútvarpsins.

Forsaga málsins er sú að með úrskurði siðanefndar Ríkisútvarpsins nr. 1/2020, sem kveðinn var upp hinn 26. mars sl., komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Helgi Seljan, fréttá- og dagskrárgerðarmaður, hefði með tilgreindum ummælum sínum um umbj. minn og tengda aðila brotið alvarlega gegn 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútvarpsins. Talið var að með ummælunum hafi hann gerst hlutdrægur og gengið lengra en nam því svigrúmi sem hann hafði til að deila fréttum og fylgja þeim eftir með gagnrýnum spurningum eða ummælum, sambærilegum þeim sem hann myndi viðhafa sem fréttamaður, jafnvel þó slíkt væri gert í eigin nafni.

Í kjölfarið innti umbj. minn stjórn Ríkisútvarpsins eftir viðbrögðum við úrskurði nefndarinnar með bréfi, dags. 29. mars sl. Stjórn Ríkisútvarpsins svaraði því til með bréfi, dags. 31. mars sl., að málefni einstakra starfsmanna er vörðuðu fréttáflutning væru ekki á borði stjórnar heldur á ábyrgð útvarpsstjóra og var erindinu því í kjölfarið beint til hans 6. apríl sl. Í svari útvarpsstjóra 23. apríl sl. ítrekaði hann fyrri afstöðu stjórnenda Ríkisútvarpsins, sem birst hafði á vefsíðu Ríkisútvarpsins hinn 26. mars sl., um að hin alvarlegu brot Helga Seljan myndu ekki hafa afleiðingar fyrir störf hans hjá Ríkisútvarpinu.

Hinn 20. apríl sl. birti umbj. minn myndband á heimasíðu sinni þar sem niðurstöðu siðanefndarinnar voru gerð skil. Í myndbandinu var orðrétt lesinn upp hluti af niðurstöðu siðanefndar Ríkisútvarpsins og viðbrögð stjórnenda Ríkisútvarpsins rakin. Í ljósi þeirra viðbragða var spurningum um fag- og trúverðugleika Ríkisútvarpsins varpað fram.

Í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær, 26. apríl 2021, var mál þetta rætt og þér, virðulegi ráðherra, innt eftir sjónarmiðum yðar gagnvart því sem að ofan er rakið. Í svari yðar var því lýst yfir að umbj. minn hefði „gengið of langt“ í framangreindu máli, án þess að það væri rökstutt frekar. Í tilefni af þeim ummælum óskar umbj. minn eftir skýringum á því að hvaða leyti hann gekk „of langt“ að yðar dómi í málinu. Var það t.d. of langt gengið að skjóta málinu til siðanefndar Ríkisútvarpsins eða að fjalla um niðurstöðuna? Var það myndbandsgerðin um niðurstöðuna sem gekk of langt? Þess er óskað að þér útskýrið af töluverðri nákvæmni ummæli yðar á þingi um þessi efni.

Í umræðunni vakti ennfremur athygli að þér lýstuð yfir eindregnum stuðningi við Ríkisútvarpið og stjórnendur þess. Skiptir í því sambandi engu máli, að yðar dómi, það siðareglubrot starfsmanns Ríkisútvarpsins sem slegið hefur verið föstu með úrskurði siðanefndar Ríkisútvarpsins? Skipta viðbrögð stjórnenda Ríkisútvarpsins við úrskurðinum heldur engu máli

í þessu sambandi? Þótt það sé utan við meginefni bréfs þessa væri t.d. fróðlegt að vita hvort í stuðningi yðar við stjórn Ríkisútvarpsins felist jafnframt stuðningur við ummæli stjórnarmannsins Marðar Árnasonar sem lét hafa eftir sér í fjölmiðli í tengslum við niðurstöðu stjórnarinnar: „Mín túlkun á bréfinu til Samherja er sú að við séum að segja fokkið ykkur“.

Þá kom fram í ræðu yðar á þingi í gær að þér telduð stjórn Ríkisútvarpsins hafa brugðist „rétt við“ í málinu. Óskar umbj. minn eftir útskýringum á ummælum þessum, sérstaklega í ljósi þess að í úrskurði siðanefndar Ríkisútvarpsins er beinlínis kveðið á um að viðkomandi fréttá- og dagskrárgerðarmaður hafi með ummælum sínum gerst hlutdrægur og brotið alvarlega gegn siðareglum Ríkisútvarpsins. Slíkt hlýtur að vekja upp spurningar um hæfi viðkomandi starfsmanns til umfjöllunar um málefni umbj. míns í ljósi hlutlægnisskyldu þeirrar sem kveðið er á um í lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu sem heyrir undir málefnasvið yðar sem ráðherra. Vísast í því sambandi einkum til markmiðs Ríkisútvarpsins um að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttá- og fréttaskýringarþjónustu, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna og þeirrar lagaskyldu sem kveðið er á um í 2. tölul. 4. mgr. 3. gr. laganna um að Ríkisútvarpið eigi í starfsháttum sínum að ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Það er mat umbj. míns að rétt sé, í ljósi ummæla yðar á Alþingi í gær, að þér, sem sá aðili sem fer með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu sem og stjórnarfarslega með málefni fjölmiðla og menningarmála yfirleitt, gerið fyllri grein fyrr því hvort einhvern ný viðmið hafi verið sett á yðar vegum um það hvenær aðilar, sem vegið er að, megi bera hönd fyrir höfuð sér í opinberri umræðu og hvort þar skipti máli hvort í hlut á Ríkisútvarpið eða aðrir fjölmiðlar.

Þá er rétt að minna á að í gildi er þjónustusamningur milli yðar og Ríkisútvarpsins til fjögurra ára, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 23/2013, en í þeim samningi er m.a. fjallað um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins. Þá hefur ráðherra heimildir til aðgerða á grundvelli samningsins, sbr. 16. gr. hans.

Þess er óskað að svör við erindi þessu verði send mér hið allra fyrsta og eigi síðar en innan viku frá bréfi þessu.

Virðingarfyllst,


Arnar Þór Stefánsson hrl.